

Fundargerð

183. fundur fræðslunefndar haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins,
Klausturvegi 4, fimmtudaginn 23. nóvember 2023, kl. 20:00.

Fundinn sátu:

Einar Kristján Jónsson, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Guðmundur Ingi Arnarson, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Ingimar Helgason, Katrín Gunnarsdóttir, Dóra Esther Einarsdóttir, Svavar Sigurðsson, Gunnar Pétur Sigmarsson og Auður Eyþórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir.

Formaður setti fundinn klukkan 20.00.

1. Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 25. október 2023.

- a. Efni: Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2023.
 - i. Kirkjubæjarskóli á Síðu fékk úthlutað 86.710 kr.

2. Lokun leikskóla á milli jóla og nýárs.

- a. Dóra Esther Einarsdóttir, leikskóla stjóri greindi frá niðurstöðu skoðunarkönnunar sem gerð var hjá foreldrum, leikskóla um lokun leikskóla á milli jóla og nýárs.
 - i. 80% foreldra vildu loka leikskólanum.
 1. Fræðslunefnd samþykkir og vísar þeirri ákvörðun sinni til sveitarstjórnar til staðfestingar.

3. Skólastjóri Kirkjubæjarskóla á Síðu, flytur skýrslu um starf skólans.

- a. Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri gerði grein fyrir störfum Kirkjubæjarskóla á Síðu og sagði meðal annars frá vöntun á starfsfólki, vantar kennara, tvo stuðningsfulltrúa og sérkennara. 44 nemendur í skólanum ásamt 2 nýjum nemendum frá Grindavík. Mikið um fjarvistir bæði hjá starfsfólki og nemendum. Stefnir í að það þurfi að senda nemendahópa heim vegna starfsmannaleysis. Jákvæður agi kominn í gagnið.

4. Leikskólastjóri Heilsuleikskólans Kærabæjar, flytur skýrslu um starf skólans.

- a. Dóra Esther Einarsdóttir, leikskólastjóri gerði grein fyrir starfi skólans. Erfitt haust vegna manneklu. Sjö í 100% starfi, tveir í hlutastarfi. Eftir nóvember hætta tveir starfsmenn. 35 börn á leikskólanum, 1 barn í leikskólanum frá Grindavík. Hætta á að leikskólinn missi heilsuleikskólastimpilinn ef maturinn verður áfram svona mikið unninn. Þarf að auglýsa leikskólastjórastöðuna.

GJA
RHS
E.H.
AJ Er

Tví- og þrítyngdum börnum fjölga, uppá máltöku að gera er erfitt að vera með marga erlenda starfsmenn í vinnu í leikskólanum

5. **Skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps flytur skýrslu um starf skólans.**
 - a. Svavar Sigurðsson, skólastjóri sagði frá starfi skólans og greindi frá því að 21 nemandi sækir nám hjá skólanum á haustönn. 24 nemendur sóttu nám á vorönn. Tónlistarskólinn er starfræktur í frekar litlu plássi. Það verða jólatónleikar um miðjan desember. Búið að kaupa nokkur hljóðfæri; rafmagnstrommuset, tvær þverflautur og tvo saxafóna. Morgunsöngur í skólanum fyrir jólin og stefnt á að fara í leikskólann með tónlistarstund.
6. **Sveitarstjóri mun kynna tillögur ALARK arkitekta um byggingu á nýjum leikskóla og breytingar á skólahúsnæði.**
 - a. Einar Kristján Jónsson, gerði grein fyrir hugmyndum um byggingu á nýjum leikskóla og breytingar á skólahúsnæði.
7. **Sveitarstjóri mun kynna drög af fjárhagsáætlun málaflokks 04, fræðslumál ásamt fjárhagsáætlun Eignarsjóðs um leik- og grunnskóla.**
 - a. Einar Kristján Jónsson fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs
8. Önnur mál

Fundi slitið kl 21:36

Gutmundur Ingi Arnarsson
Ragnheiður Hlúa Simonardóttir
Jasína Helgason
Amfríður Sædis Jónsdóttir
Einn W. J.